



# GREIÐSLUAFKOMA RÍKISSJÓÐS

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir janúar – júní 2015 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Tekjujöfnuðurinn var jákvæður um 779 m.kr. þar sem innheimtar tekjur jukust um 14,2 ma.kr. milli ára en móti jukust greidd gjöld um 26,6 ma.kr. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 30,3 ma.kr. samanborið við jákvætt handbært fé upp á rúma 11 ma.kr. 2014. Þetta skýrist að stærstum hluta með því að leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærð var á árinu 2014 kom til greiðslu nú í byrjun árs 2015. Þetta hefur eingöngu áhrif á sjóðshreyfingar en ekki rekstrarstöðu ársins 2015 og hafði sambærileg jákvæð áhrif á handbært fé í lok árs 2014.

## Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júní 2015 (m.kr.)

	Milljónir króna		
	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	260.242	306.339	320.500
Greidd gjöld	276.912	293.082	319.721
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-16.670</b>	<b>13.257</b>	<b>779</b>
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	2.883	-2.249	-31.109
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-13.787</b>	<b>11.008</b>	<b>-30.330</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>-18.614</b>	<b>-7.330</b>	<b>17.976</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-32.401</b>	<b>3.678</b>	<b>-12.354</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-88.135</b>	<b>-53.067</b>	<b>-54.223</b>
Innanlands	-85.155	-27.641	-33.754
Erlendis	-2.980	-25.426	-20.469
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-120.536</b>	<b>-49.389</b>	<b>-66.577</b>
<b>Lántökur</b>	<b>60.764</b>	<b>37.995</b>	<b>29.505</b>
Innanlands	60.764	37.995	29.505
Erlendis	0	0	0
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-59.772</b>	<b>-11.394</b>	<b>-37.072</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 320,5 ma.kr. á fyrri helmingi ársins sem er 4,6% meira en innheimtist á sama tímabili í fyrra. Niðurstaða tímabilsins er 25,3 ma.kr. eða 8,6% yfir áætlun fjárlaga sem er umtalsvert frávik. Það skýrist þó að miklu leyti af ýmsum óreglulegum og tilfallandi þáttum sem nánar verður farið yfir hér á eftir. Þegar litið er til þróunar skattstofna á fyrri helmingi ársins er hún í megindrættum í samræmi við áætlun fjárlaga.

Nálægt 86% heildartekna tímabilsins eru hinir ýmsu skattar og tryggingagjöld og jókst sá hluti um 6,1% á milli ára. Þegar óreglulegir liðir skatttekna eru undanskildir<sup>1</sup> er frávik frá áætlun jákvætt um nálægt 3,5% en þó er rétt að slá frekari varnagla við túlkun fráviksins. Jafnvel þótt leiðrétt hafi verið fyrir óreglulegum liðum er hluti innheimtra tekjuskatta þess eðlis að hann er byggður á áætlun til bráðabirgða og mun taka leiðréttingu þegar uppgjör við lögaðila fer fram í kjölfar álagningar í haust. Að þessu sinni er mest af hinu jákvæða tekjufráviki í sköttum á fjármagnstekjur og fyrirframgreiðslu lögaðila upp í tekjuskatt. Séu þessir skattar því undanskildir í heild sinni er frávik skatttekna frá áætlun jákvætt um 0,4% á fyrri helmingi ársins. Sú niðurstaða gefur raunhæfari mynd af þeim hluta innheimtunnar sem ekki á eftir að taka leiðréttingum. Næst verður farið nánar yfir einstaka tekjuliði.

Skattar á tekjur og hagnað jukust um 9,6% á milli ára og námu samtals 116,7 ma.kr. Tekjuskattur einstaklinga nam 65,3 ma.kr. sem er 3,8% meira en í fyrra en 0,7 ma.kr. eða 1,1% undir áætlun. Hið neikvæða frávik skýrist af liðum utan staðgreiðslu en rétt er einnig að nefna að áhrif kjarasamninga í sumarbyrjun eru ekki byrjuð að koma fram í þessum tölum. Sé litið til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars á tímabilinu þá jókst hún um 6,7% á milli ára. Hluti ríkissjóðs í

<sup>1</sup> Hér eru eftirfarandi liðir taldir óreglulegir: fjármagnstekjuskattur lagður á ríkissjóð sjálfan, sérstakur fjársýsluskattur og eftirstöðvahluti tekjuskatta og tryggingagjalda að því leyti sem upplýsingar um hann liggja fyrir.



henni, þ.e. tekjuskatturinn, jókst um 8,1%. Tekjuskattur lögaðila jókst um 34% á milli ára og nam 26,6 ma.kr. Þar af nam sérstakur fjársýsluskattur 4,9 ma.kr. Minna má á að innheimtan á fyrstu 9 mánuðum ársins er til bráðabirgða, eða fram að álagningu á lögaðila í haust.

Fjármagnstekjuskattur skilaði samtals 24,7 ma.kr. á tímabilinu sem er 6,3 ma.kr. meira en áætlað var og aukning um 4,5% á milli ára. Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði sjálfum nam 5,6 ma.kr. á tímabilinu. Hin háa fjárhæð skýrist af arðgreiðslu Landsbanka Íslands, en greiddur fjármagnstekjuskattur af henni nam 4,7 ma.kr. Ef þessi óreglulegi hluti er undanskilinn nam fjármagnstekjuskattur 19,2 ma.kr. sem er 8,6% aukning frá fyrra ári. Þetta er jafnframt 2,9 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga.

### Tekjur ríkissjóðs janúar – júní 2013-2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>235.370</b>	<b>260.291</b>	<b>276.283</b>	<b>2,6</b>	<b>10,6</b>	<b>6,1</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>89.899</b>	<b>106.483</b>	<b>116.670</b>	<b>4,3</b>	<b>18,4</b>	<b>9,6</b>
Tekjuskattur einstaklinga	57.889	62.954	65.330	6,1	8,7	3,8
Tekjuskattur lögaðila	13.880	19.850	26.605	-11,0	43,0	34,0
Skattur á fjármagnstekjur	18.130	23.680	24.735	13,0	30,6	4,5
<b>Eignarskattar</b>	<b>5.397</b>	<b>5.389</b>	<b>3.491</b>	<b>-8,7</b>	<b>-0,1</b>	<b>-35,2</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>100.525</b>	<b>106.291</b>	<b>112.472</b>	<b>1,8</b>	<b>5,7</b>	<b>5,8</b>
Virðisaukaskattur	66.753	72.009	77.858	2,1	7,9	8,1
Vörugjöld af ökutækjum	2.450	2.555	3.416	14,3	4,3	33,7
Vörugjöld af bensíni	5.398	5.492	5.580	-4,8	1,7	1,6
Skattar á olíu	3.047	3.231	3.447	1,2	6,0	6,7
Áfengisgjald og tóbaksgjald	8.006	8.592	8.734	3,6	7,3	1,7
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	14.871	14.410	13.437	0,1	-3,1	-6,8
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>2.778</b>	<b>2.686</b>	<b>2.587</b>	<b>-21,4</b>	<b>-3,3</b>	<b>-3,7</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>3.696</b>	<b>4.334</b>	<b>3.973</b>	<b>22,0</b>	<b>17,3</b>	<b>-8,3</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>33.075</b>	<b>35.108</b>	<b>37.092</b>	<b>3,7</b>	<b>6,1</b>	<b>5,7</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>82</b>	<b>86</b>	<b>120</b>	<b>-84,7</b>	<b>4,0</b>	<b>40,2</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>24.192</b>	<b>44.636</b>	<b>44.097</b>	<b>15,9</b>	<b>84,5</b>	<b>-1,2</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>598</b>	<b>1.326</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>260.242</b>	<b>306.339</b>	<b>320.500</b>	<b>3,3</b>	<b>17,7</b>	<b>4,6</b>

Eignarskattar drógust talsvert saman frá því í fyrra eða um 35,2% og námu þeir 3,5 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. eða 19,7% yfir áætlun. Samdrátturinn milli ára skýrist af brottfalli auðlegðarskatts frá og með síðustu áramótum. Stimpilgjöld námu 1,8 ma.kr. sem er 11,8% yfir áætlun og aukning um 14,7% frá því í fyrra. Tekjur af erfðafjárskatti drógust saman um 15,4% á milli ára og námu 0,9 ma.kr.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 5,8% á milli ára og námu þeir samtals 112,5 ma.kr. sem er 1,5 ma.kr. eða 1,4% yfir áætlun. Virðisaukaskattur, sem vegur þýngst í þessum flokki skatta, nam 77,9 ma.kr. sem er lítilllega undir áætlun. Skattskyld velta samkvæmt álagningu á samsvarandi 6 mánaða tímabili jókst um 13-14% að nafnvirði milli ára eða nokkru meira en innheimtan, en slíkt misræmi getur skýrst af endurgreiðslu innskatts. Álagningargögn liggja fyrir um fyrstu fjóra mánuði ársins og jókst nafnvirði innlendrar veltu í almenna þrepinu um 9,4% frá fyrra ári og í neðra þrepinu um 6%. Margir þættir hafa áhrif á þessa þróun, breytt samsetning eftirspurnar eftir tegundum vöru og þjónustu, mikil velta í ferðaþjónustugreinum, lítil verðbólga og verðhjöðnun á innfluttum vörum og fleiri þættir. Svo virðist sem frávik frá efnahagslegum forsendum áætlunarinnar skýri ekki með augljósum hætti þessa fremur löku niðurstöðu á fyrri helmingi ársins.

Vörugjald af ökutækjum nam 3,4 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. yfir áætlun og aukning um 33,7% frá því í fyrra sem skýrist



af auknum innflutningi bifreiða. Vörugjöld af bensíni eru rétt yfir áætlun og skiluðu 5,6 ma.kr. sem er 1,6% aukning á milli ára. Olflugjaldið, sem jókst um 6,7% á milli ára, skilaði 3,4ma.kr en það er 4,1% meira en áætlað hafði verið. Kolefnisgjaldið er 6,5% undir áætlun og skilaði 1,6 ma.kr. sem er 4,2% meira en í fyrra. Innheimta bifreiðagjalds, sem er á gjaldþaga í janúar og í júlí ár hvert, er 2,4% undir áætlun og nam 3,2 ma.kr. tímabilið janúar-júní.

Tekjur af áfengisgjaldi námu 5,9 ma.kr. sem er rétt yfir áætlun og aukning um 3,5% á milli ára. Tekjur af tóbaksgjaldi eru 0,1 ma.kr. undir áætlun og námu 2,9 ma.kr. sem er 2% samdráttur frá fyrra ári. Sala áfengis á fyrstu sex mánuðum ársins mæld í vínanda jókst um rúmlega 1% á milli ára en tóbakssala dróst saman um 3,2% að magninu til.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 2,6 ma.kr. sem er 3,7% samdráttur frá fyrra ári. Samdrátturinn skýrist af áhrifum fríværslunarsamnings Íslands og Kína sem tók gildi 1. júlí í fyrra.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 37,1 ma.kr. á tímabilinu sem er 5,7% aukning frá því í fyrra. Þar af nam almenna tryggingagjaldið 26,1 ma.kr. og atvinnutryggingagjaldið 7,1 ma.kr.

Aðrir skattar námu samtals 4 ma.kr. sem er samdráttur upp á 8,3% á milli ára. Þar af námu skattar á launagreiðslur og vinnuafli 3 ma.kr. Fjársýsluskatturinn dróst saman um 10,5% milli ára og nam 1,4 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. undir áætlun. Samdrátturinn á milli ára stafar að hluta af því að innheimtan í janúar 2014 byggðist á 6,75% skatthlutfalli en 5,5% í janúar 2015 og niðurstaðan bendir ennfremur til þess að launagreiðslur í fjármálageiranum hafi dregist saman um 2% á milli ára.

Aðrar tekjur en skatttekjur drógust saman um 1,2% á milli ára á fyrri helmingi ársins og námu samtals 44,1 ma.kr. Stærsti einstaki liðurinn er 23,5 ma.kr. arður frá Landsbankanum sem greiddur var í lok mars. Vaxtatekjur námu samtals 6,5 ma.kr. sem er 17,6% minna en á sama tímabili í fyrra. Veiðigjaldið er 0,8 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga og stendur innheimta þess í 3,5 ma.kr. en það er 5,1% aukning frá síðasta ári.

**Greidd gjöld** námu 319,7 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 26,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 9,1% sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflókka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflökks er að finna hér að neðan.

### Þróun útgjalda eftir málaflökum janúar-júní 2013-2015

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári (%)		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	45.327	45.830	45.387	-0,2	1,1	-1,0
Almenn opinber þjónusta	24.299	25.271	25.406	4,9	4,0	0,5
Almannatryggingar og velferðarmál	60.134	62.472	63.929	-0,8	3,9	2,3
Heilbrigðismál	63.163	67.905	73.024	7,2	7,5	7,5
Efnahags- og atvinnumál	25.302	28.578	45.432	1,3	12,9	59,0
Menntamál	29.003	29.079	30.836	5,8	0,3	6,0
Menningar, íþróttir og trúmál	9.217	9.393	9.505	9,3	1,9	1,2
Lög- og réttargæsla	10.889	10.740	10.804	4,3	-1,4	0,6
Önnur útgjöld	9.578	13.814	15.397	3,7	44,2	11,5
<b>Gjöld alls</b>	<b>276.912</b>	<b>293.082</b>	<b>319.721</b>	<b>3,1</b>	<b>5,8</b>	<b>9,1</b>

Þróun málaflökanna eru svo rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflökks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjárukalög fyrir þetta tímabil eins og þeim hefur verið dreift yfir árið út frá áætlaðri dreifingu raunútgjalda. Þá er búið að bætast inn í áætlunina flutt fjárheimildastaða frá fyrra ári sem bætist við eða dregst frá heimildum ársins eftir því hvernig staða fyrri ára. Samtals nema fluttar fjárheimildir á þessum fyrri hluta ársins um 2,7 ma.kr., en misjafnt er hvaða áhrif þær hafa á einstaka fjárlagaliði.



## Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar-júní 2014-2015

	2015	2014	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	2.047	2.070	-1,1
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	5.318	4.955	7,3
Utanríkismál	4.701	5.346	-12,1
Önnur almenn opinber þjónusta	4.543	4.645	-2,2
Fjármagnskostnaður	45.387	45.830	-1,0
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	8.797	8.255	6,6
<b>Almenn opinber þjónusta</b>	<b>70.793</b>	<b>71.101</b>	<b>-0,4</b>
<b>Lög- og réttargæsla</b>	<b>10.804</b>	<b>10.740</b>	<b>0,6</b>
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	3.115	3.340	-6,7
Landbúnaðarmál	6.704	6.868	-2,4
Samgöngumál	11.314	10.797	4,8
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	2.451	2.518	-2,7
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	17.068	0	.
Önnur efnahags- og atvinnumál	4.781	5.055	-5,4
<b>Efnahags- og atvinnumál</b>	<b>45.432</b>	<b>28.578</b>	<b>59,0</b>
Lyf og lækningavörur	9.355	9.455	-1,1
Heilsugæsla	15.247	13.526	12,7
Sjúkrahúsþjónusta	31.743	29.384	8,0
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	14.330	13.422	6,8
Heilbrigðiseftirlit og stjórnarsýsla	2.348	2.118	10,9
<b>Heilbrigðismál</b>	<b>73.024</b>	<b>67.905</b>	<b>7,5</b>
Menningarmál	4.437	4.340	2,2
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	5.068	5.053	0,3
<b>Menningar- og félagsmál</b>	<b>9.505</b>	<b>9.393</b>	<b>1,2</b>
Framhaldsskólastig	11.158	10.096	10,5
Háskólastig	17.291	16.803	2,9
Önnur menntamál	2.386	2.181	9,4
<b>Menntamál</b>	<b>30.836</b>	<b>29.079</b>	<b>6,0</b>
Örorka og fötlun	17.078	16.376	4,3
Öldrun	24.387	23.144	5,4
Fjölskyldur og börn	11.680	11.069	5,5
Atvinnuleysi	6.444	7.726	-16,6
Vaxtabætur	234	340	-31,3
Önnur trygginga- og velferðarmál	4.107	3.817	7,6
<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	<b>63.929</b>	<b>62.472</b>	<b>2,3</b>
Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun	6.135	5.258	16,7
Fjármagnstekjuskattur	5.566	5.219	6,6
Annað	3.696	3.337	10,8
<b>Önnur útgjöld</b>	<b>15.397</b>	<b>13.814</b>	<b>11,5</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>319.721</b>	<b>293.082</b>	<b>9,1</b>



Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu voru svipuð og á fyrra ári en heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir og námu 70,8 ma.kr. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta af þessari upphæð eða rúm 64%, en hann nam 45,4 ma.kr. á tímabilinu. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 8,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 4,7 ma.kr. og útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins 5,3 ma.kr. Þá námu útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu um 6,6 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári.

Útgjöld vegna lög- og réttargæslu námu um 10,8 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári. Stærstu útgjaldabættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 1,9 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 1,5 ma.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 862 m.kr. og annarra lögregluembætta 2 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld héraðsdómstóla námu 737 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 728 m.kr. og útgjöld sérstaks saksóknara 319 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 45,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust töluvert á milli ára sem var í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Stærsti útgjaldaliður þessa flokks er niðurfærsla vegna verðtryggðra húsnæðislána sem nam 17,1 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Þá námu útgjöld til samgöngumála rúmum 11,3 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári og umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta og námu þau 8,9 ma.kr. á fyrri helming ársins. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 6,7 ma.kr. og dragast lítillega saman á milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu skýra þessi útgjöld að stærstu leyti og námu þau 5,6 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 3,1 ma.kr., útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 2,5 m.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 4,8 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu rúmum 73 ma.kr. og jukust um 5,1 ma.kr. milli ára. sem er tæpum 3 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að mestu með halla frá fyrri árum sem dregst frá heimildum ársins. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 9,4 ma.kr. sem er lækkun frá fyrra ári sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæsluþjónustu námu 15,2 ma.kr. samanborið við 13,5 ma.kr. á sama tímabili 2014 sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þeim útgjöldum námu greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu 7,4 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 2,6 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 31,7 ma.kr. samanborið við 29,4 ma.kr. 2014. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 23,1 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu tæpum 3 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 4 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu tæpum 14,3 ma.kr. og jukust um rúman 1 ma.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu rúmum 2,3 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 9,5 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári og lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 4,4 ma.kr. og aukast lítillega milli ára. Útgjöld vegna íþrótta, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 5,1 ma.kr. þar sem helstu útgjaldabættir eru Ríkisútvarpið 1,8 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 2,8 ma.kr. Útgjöld til menntamála námu 30,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,8 ma.kr. milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 11,2 ma.kr. og hærri en á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna háskólastigs námu 17,3 ma.kr. og jukust á milli ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu tæpum 6 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,1 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra menntamála um 2,4 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 63,9 ma.kr. á tímabilinu janúar - júní og jukust um 1,5 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 17,1 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyrstrygginga í þessum málaflokki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 24,4 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyrstrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 11,7 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna Fæðingaorlofs skýra stærstan hluta útgjalda.



Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 6,4 ma.kr. samanborið við 7,7 ma.kr. í fyrra sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist með lækkun atvinnuleysis á milli ára.

Önnur útgjöld námu 15,4 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 13,8 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 6,1 ma.kr. á tímabilinu, samanborið við 5,3 ma.kr. á fyrra ári. Þá nam greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 5,6 ma.kr. samanborið við 5,2 ma.kr. á fyrra ári.

### Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 12,4 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann jákvæður um 3,7 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 54,2 ma.kr. en námu 53,1 ma.kr. á sama tímabili árið 2014. Lántökur á tímabilinu námu alls 29,5 ma.kr. og voru allar innlendar.